

Öldungaráð Snæfellsbæjar

Fundargerð 17. fundar sem haldin var í Ráðhúsi Snæfellsbæjar mánudaginn 8. apríl kl 13,30.

Mætt voru Ólafur Hlynur Steingrímsson formaður, Ragnheiður Víglundsdóttir, Margrét Vigfúsdóttir, Svanhildur Pálsdóttir og Pétur Steinar Jóhannsson sem ritaði fundargerð.

Mál 1: Rætt um lok á málefnum líkhússins í Ólafsvík. Mikil umræða var um málefni líkhússins á fundi nefndarinnar 29/8 2023. Beint var þá fyrirspurn til bæjarstjórnar um að viðhald á húsinu verði framkvæmt á því eins og öðrum eignum bæjarins. Ekkert formlegt svar barst frá bæjarstjórn. Það kom fram hjá Ólafi Hlyn formanni nefndarinnar að samkv samtali hans við bæjarstjóra fyrir nokkru að þá væri það afstaða bæjarstjórnar að ekki verði sett neitt fjármagn í viðhald hússins. Bent var á útfararstofu í Borgarnesi og Stykkishólmi. Það hafði verið skilningur fundarmanna Öldungaráðs eftir viðræður bæjarstjórnar og formanns sóknarsamlagsins sl haust að náðst hefði ákveðið samkomulag um viðhald hússins. Ekki var gefið út nein formleg yfirlýsing um lausn málsin eins og áður sagði. Fundarmenn ræddu um þessa afstöðu bæjarstjórnarinnar og undruðst hana mjög.

Mál 2: Málefni Átthagastofunnar: Rætt var um hvernig unnið verði með lóðina sem losnar er húsið verður rífið en samkvæmt bæjarstjóra á að rífa húsið á næsta ári. Rætt var ma um að gera tengibyggingu við Jaðar. Þá kom fram hjá fundarmönnum að hin merka saga hússins verði varðveitt eins og kostur er í hinni nýju byggingu sem mun koma í stað þeirrar sem fer.

Mál 3: Höllinn: Fundarmenn lýstu ánægju sinni með þá góðu aðstöðu sem komin er að Ólafsbraut 23-25. Vilja þeir þakka bæjarstjórninni fyrir þetta frábæra framtak til heilla fyrir eldri borgara í Snæfellsbæ.

Mál 4: Rætt var um snjómokstur liðins vetrar. Vitnað var í fundargerð frá 12. desember 2023 þar sem áskorun var sent á bæjarstjórn um að hreinsa betur snjó

af gangstéttum í bæjarfélaginu en talsvert hafði vantaði upp á það. Fundarmenn voru sammála um að betur hafi gengið að sinna þessum málum á vetrinum sem er að líða.

Mál no 5: Ákveðið var að næsti fundur Öldungaráðs Snæfellsbæjar yrði haldinn í Höllinni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14,40.

Pétur Steinar Jóhannsson ritaði fundargerð.

Ps. kleinurnar voru góðar en það vantaði kaffið 😊